

Hverfisráð Holta-, Tungu- og Seljalandshverfi

Athugasemdir við gildandi forgangs-Vetrarþjónustu í Holta, Tungu og Seljahverfi


Hverfisráðið hittist þann, 22. Nóvember 2022 og fór saman yfir gildandi forgang vetrarþjónustu. Heilt yfir eru ekki stórkostlegar athugasemdir þar sem forgangs-mokstur er að nánast öllum botngötum í hverfinu en það er þó fáar undantekningar sem við viljum benda á. Einnig nokkrir punktar um það sem má gera betur í gildandi þjónustu.

Lenging á forgangi 1 í Tungu- og Seljahverfi


-Forgangur 1, sé alla Tungubrautina inn að Fífutungu og Hrauntungu. Ef ekki forgangur 1. þá allavega forgangur 2. Sjá á mynd

-Sama á við Skógarbraut, annars vegar Skógarbraut að Múlalandi og hins vegar Skógarbraut að Bræðratungu. Sjá á mynd

Með þessu er búið að tryggja forgang 1 eða 2 að öllum botngötum í hverfinu.



Gildandi Vetrarþjónusta



Tillaga hverfisráðs um breytingar
Breytingar merktar með **Bleikum**
Bleikur verður forgangur 1./Forgangur 2.

Eins og sjá má á myndunum er þetta enginn svakalegur vegarkafli sem bætist við í forgang 1 en getur skipt íbúa sem á þessum stöðum búa alveg gríðarlegu máli, til að mynda eru margir sem búa í Tunguhverfi sem þora ekki öðru en leggja bílum sínum á Bónusplaninu því það er ekki nóg með að þau þurfi að hafa það af út botngötuna sína en þá er þarna „stofnbrautin“ í hverfinu í síðasta forgangi sem er hvergi annars staðan en í Seljahverfi. Ef ekki er unnt að setja á þessar „stofnbrautir“ forgang 1 biðjum við ykkur allavega að hugleiða að setja þarna forgang 2 sem er hvergi í Holtahverfi. Svo að þegar búið er að moka forgang 1 eru allar aðrar götur og botngötur í sama forgangi og þessar „stofnbrautir“ og ekkert víst að þær verði fyrstar fyrir valinu....

Einnig vorum við með 3 punkta sem við teljum að mætti gera betur í gildandi vetrarþjónustu og eru þeir eftirfarandi:

1. Stinga í gegn um allar götur áður en fullhreinsað er.

Þegar forgangi 1 og 2 er lokið, fá verktaka snjómoksturs til að fara í allar götur og „stinga“ í geng, frekar en byrja að fullhreinsa frá fyrstu götu. Líklega skapast reynsla og rútína hjá verktaka sem veldur því að sumar götur eru mjög heppnar og eru hreinsaðar fyrir hádegi meðan að aðrar eru alltaf mokaðar síðast.

Við erum ekki að alhæfa að þetta sé alltaf svona, oft hefur verið stungið í gegn. Við erum einungis að biðja um að það verði skerpt á þessu við verktaka að klára lágmarks færi fyrir allar götur áður en skrapað er niður í malbik 😊

2. Göngustígar innan hverfis.

Eins og flestir hafa áttað sig á eru gangstéttarnar hérna inni í Holtahvefi annað hvort algerlega ónýtar, sprungnar og hættulegar, eða þá alveg splúnku nýjar.... að þessu tilefni langar okkur að vita hvort það sé einhver áhugi hjá bænum til þess að fara að koma vel fram við gangstéttarnar okkar. Þ.e. fara að moka þær sér með þar til gerðum vélum (smærri traktors-gröfum) líkt og notaðar eru á göngustígum milli byggðarkjarna. Þó svo að „stóru vélarnar“ fari upp á gangstéttarnar þykir okkur það ekki fullnægjandi. Það er svo að yfir vetrartímann fer öll gangandi umferð um akbrautir því göngustígarnir okkar eru ekki full mokaðir. Það er hreint hættulegt að ætlast til þess að börn og aðrir gangandi/hjólandi vegfarendur þurfi að deila akbrautum með bílum „bara af því að það er snjór“. Sérstaklega í ljósi þess að þegar snjór er yfir öllu lengist hemlunarvegalegdin til muna og enn meiri hætta á að bíll rási eða missi stjórn. Til áminningar: bara að því að þetta hefur alltaf verið svona, þarf ekki að þýða að það megi ekki breyta því....

3. Stinga á milli efra&neðra Holtahverfis

Hér erum við einfaldlega að biðjast fyrir því að tengingin milli efra og neðra holtahverfis rofni ekki yfir vetrarmánuðina. Stinga í geng svo gangandi og hjólandi umferð komist milli gatna sem dæmi: frá Móholti niður í Árholt eða frá Lyngholti niður í Brautarholt osfv.